Viljayfirlýsing

milli

Kópavogsbæjar

og

Garðabæjar

um endurskoðun á sveitarfélagamörkum á Arnarneshálsi og

umferðarbætandi aðgerðir

Landssvæðið sem um ræðir liggur beggja vegna sveitarfélagamarka Kópavogs og Garðabæjar. Svæðið afmarkast af Hafnarfjarðarvegi til vesturs, Arnarnesvegi til suðurs, íþróttasvæðis Breiðabliks í Kópavogsdal til norðurs og Fífuhvammsvegi til austurs. Bogadregin sveitarfélagamörk Kópavogs og Garðabæjar liggja um svæðið.

Garðabær auglýsti tillögu að deiliskipulagi Arnarlands, þess hluta svæðisins sem tilheyrir Garðabæ, þann 28.nóvember 2024 sl. og er stefnt að því að ljúka því ferli á fyrri hluta árs 2025.

Aðilar lýsa yfir vilja sínum til að endurskoða sveitarfélagamörk sveitarfélaganna og gera tilheyrandi skipulagsbreytingar sem m.a. felast í breyttri landnotkun. Jafnframt lýsa aðilar vilja sínum til að þróa nánar umferðartengingar á svæðinu. Hafa skal samráð við landeigendur í þessari vinnu.

Horft verði til þess að svæði sem skilgreint er sem áfangi 2 í tillögu að deiliskipulagi Arnarlands í Garðabæ dags. 28. nóvember 2024 færist yfir í Kópavog og að samsvarandi svæði vestar í landinu færist frá Kópavogi til Garðabæjar. Aðilar eru sammála um að það svæði sem færist á milli verði sambærilegt að stærð og verðmæti, sé þar munur á komi til greiðslu sem nemur mismun á stærð og verðmæti þess lands sem færist á milli skv. áliti sérfróðra aðila sem aðilar koma sér saman um.

Jafnframt eru sveitarfélögin sammála um að horft verði til þess að mynda heildstætt skipulag fyrir svæðið. Skipulaginu er ætlað að falla vel að hugmyndafræði um samgöngumiðað skipulag þvert á sveitarfélagamörk, markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og markmiðum sveitarfélaganna beggja um uppbyggingu.

Aðilar eru sammála um að undirbúningur og hönnun við undirgöng undir Arnarnesveg samkvæmt tillögu Garðabæjar í deiliskipulagi fyrir Arnarnesland - Akrar, dags. 28. nóvember 2024, hefjist samhliða gatnagerð á svæðinu og verði framkvæmdum við þau lokið eigi síðar en við lok gatnagerðar og uppbyggingar 1. áfanga á deiliskipulagssvæðinu.

Við framangreint ferli verði lega Fífuhvammsvegar og tenging hans við Arnarnesveg staðfest í skipulagi beggja sveitarfélaga. Aðilar munu einnig standa saman að uppbyggingu gatnamóta Fífuhvammsvegar, Arnarsmára og Landakurs. Ennfremur taka bæði sveitarfélög þátt í vinnu við deiliskipulag Arnarnesvegar ásamt Vegagerðinni þar sem lögð er áhersla á að bæta umferðarflæði, öryggi og gæði umferðartenginga á svæðinu.

Hefji Kópavogsbær skipulagsvinnu á svæðinu sem liggur norðan Arnarlands í Garðabæ verður hugað sérstaklega að umferðatengingum við Hafnarfjarðarveg og legu Borgarlínu í samvinnu við Vegagerðina og Betri samgöngur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Í framangreindri vinnu munu aðilar huga að fráveitu, vatnsveitu og öðrum veitumálum á svæðinu og meta hvort þau skulu vera sameiginleg eða vera aðskilin við sveitarfélagsmörk.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi í bæjarstjórnar Kópavogs og á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar . Því til staðfestingar er viljayfirlýsingin undirrituð af bæjarstjóra Kópavogs og bæjarstjóra Garðabæjar.

Garðabæ/Kópavogi, 2025

Ásdís Kristjánsdóttir,
bæjarstjóri Kópavogs.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri Garðabæjar

DRÖG

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026